

Þóroddur ehf
Eyrargötu 1
450 Patreksfjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
30. apríl 2013 8.12.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 30. apríl 2013
Tilvísun: UST20121200074/gsa

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 21. nóvember 2012, þar sem fjallað er um fimm frávík frá starfsleyfi, sem komu fram við reglubundið eftirlit hjá Þóroddi ehf. þann 19. september sl., er varðar:

- Rekstraraðili átti að skila inn vöktunaráætlun sem tekur á vöktun helstu umhverfisþátta í nágrenni kvíanna fyrir 31. desember. 2011.
- Staðsetning kvía í Tálknafirði er á röngum stað m.v. þau hnit sem gefin eru upp í viðaukum 1 og 2.
- Rekstraraðili átti að skila inn Grænu bókhaldi fyrir árið 2011, fyrir 1. maí 2012.
- Rekstraraðili átti að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí 2012.
- Rekstraraðili átti að skila inn útstreymisbókhaldi fyrir árið 2011, fyrir 1. maí 2012.

Rekstraraðili skilaði inn ársskýrslu og vöktunaráætlun í eftirliti og útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi þann 30. nóvember 2012. Allar kvíar sem staðsettar voru utan afmarkaðs eldissvæðis í Tálknafirði skv. starfsleyfi voru færðar af svæðinu þann 25. sept. 2012. Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna þessara frávíka.

Hér með staðfestist að Þóroddur ehf, hefur bætt úr þeim frávikum sem kom fram við reglubundið eftirlit ársins 2012.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri



Svanfríður Dóra Karlsdóttir
Lögfræðingur